

SAMKOMULAG UM UPPBYGGINGU LISTASAFNS Á DJÚPAVOGI.

Ars Longa – samtímalistasafn ses., kt. 510521-1610 („Ars Longa“), og sveitarfélagið Múlaþing, kt. 660220-1350 („Múlaþing“), gera með sér eftirfarandi samkomulag um uppbyggingu listasafns á Djúpavogi.

Ars Longa fær til eignar, án endurgjalds, svo kallað Vogshús, nánar tiltekið fasteignin Vogaland 5, Djúpavogi, fastanúmer 217-9451, („Vogshús“) undir starfsemi listasafns á Djúpavogi. Sá fyrirvari er þó hafður á að fyrir útgáfu afsals Vogshúss til Ars Longa þarf að liggja fyrir ótvíræður ráðstöfunar- og eignarréttur Múlaþings til Vogshúss.

Í kjölfar útgáfu afsals mun Ars Longa ráðast í endurbætur á Vogshúsi, bæði að utan og innan, þannig að Vogshús uppfylli kröfur varðandi faglega og vandaða starfsemi listasafns auk gildandi skipulagsákvæða. Framkvæmdir verði unnar í samráði við sérfræðinga eignasviðs Múlaþings.

Endurbætur verði unnar í fösum, samkvæmt áætlun sem fram kemur í fylgiskjali 1 við samkomulag þetta, en endurbótum skal lokið innan fimm (5) ára frá útgáfu afsals.

Hafi endurbótum Vogshúss, sbr. fylgiskjal 1, ekki verið lokið innan fimm (5) ára frá útgáfu afsals, eða starfsemi Ars Longa er hætt innan fimm (5) ára frá útgáfu afsals, skuldbindur Ars Longa sig til að afsala Vogshúsi aftur til Múlaþings, gegn því að Múlaþing greiði Ars Longa allan þann kostnað sem Ars Longa hefur varið til endurbóta Vogshúss og samþykktur hefur verið af eignasviði Múlaþings. Kostnaður skal þá verðbættur miðað við byggingarvísitölu.

Þegar Ars Longa hefur efnt skyldur sínar til endurbóta samkvæmt samkomulagi þessu skal Múlaþing senda skriflega staðfestingu þessa efnis til Ars Longa.


Rísi ágreiningur um það hvort endurbótum hafi verið lokið til samræmis við það sem fram kemur í fylgiskjali 1 innan fimm (5) eða hvort starfsemi Ars Longa hafi verið hætt innan fimm (5) ára skal dómkvaddur einn óháður og óhlutdrægur matsmaður sem leggja skal mat á það hvort svo sé og eru aðilar bundnir af niðurstöðu dómkvadds matsmanns.

Eftir útgáfu afsals hefur Ars Longa heimild til að veðsetja Vogshús, standi slíkt til, í tengslum við fjármögnun fyrirhugaðra endurbóta á Vogshúsi, sem hlotið hafa samþykki eignasviðs Múlaþings. Samhliða undirritun samkomulags þessa er undirrituð sérstak kvöð varðandi nánari skilmála kvaðarinnar, sem er fylgiskjal 2 við samkomulag þetta. Kvöðin skal færð til þinglýsingar samhliða afsali.


undirritanir á næstu síðu


Múlaþing 24. febrúar 2022

F.h. Sveitarfélagsins Múlaþings



Björn Ingimarsson
Sveitastjóri Múlaþings


F.h. Ars Longa – samtímalistasafn ses.


Sigurður Guðmundsson,
stjórnarformaður


Jóhann G. Jóhannsson
gjaldkeri

Vottar að rétttri dags., undirritun og fjárræði:


Nafn og kt. 161075-5829


Nafn og kt. 110354-799

FYLGISKJAL 1

Tímaáætlun endurbóta

Varðandi áætlun á framkvæmdum í 4-5 áföngum

1.áfangi. Fram að næstu sýningu.

Niðurrif á millilofti.

Gólfíð steipt og lagðar þær lagnir í það sem þarf. (húsið þarf þó að vera vatnshelt og sæmilega vindhelt fyrir það sem mér skilst að það sé.

2.áfangi. Sept 2022-maí 2023

Endurnýjun og viðgerðir á burðarvirki og þaki. Ný utanhússklæðning, inngangur, aksturshurð og gluggar. Hluti loftræstingar og rafmagns.

3.áfangi Sept. 2023- maí 2024

Innveggir, klæðningar innan á útveggi, aðstaða og innréttingar. Rest af loftræsingu og rafmagni.

4.áfangi. Sept. 2024- maí 2025

Lokið við innréttingar og búnað, svalir og lóð.

Þetta miðast við að hægt verði að halda sýningar með einhverjum hætti öll sumur.

Á þennan hátt væri hægt að fjármagna þetta í áföngum.

Ef þetta yrði hinsvegar tekið í einum rykk þá ætti framkvæmdin ekki að taka nema ca. 1 ½ ár.

Í þessa áætlun er ekki reiknað með kjallaranum. Hann gæti mögulega komið í loka áfanga.

FYLGISKJAL 2

KVÖÐ

varðandi kauprétt og takmörkun á veðsetningarheimild

Á grundvelli samkomulags, milli Ars Longa – samtímalistasafns ses., kt. 510521-1610 („**Ars Longa**“), og Sveitarfélagsins Múlaþings, kt. 660220-1350 („**Múlaþing**“), sameiginlega „**aðilar**“, var Vogshúsi, Djúpavogi, afsalað til Ars Longa – samtímalistasafns („**samkomulagið**“). Nánar tiltekið eru um að ræða fasteignina Vogaland 5, Djúpavogi, fastanúmer 217-9451 („**fasteignin**“).

Á grundvelli samkomulagsins er hér með staðfest að Múlaþing hefur kauprétt á fasteigninni hafi áform um endurbætur, samkvæmt fylgiskjali 1 við samkomulagið, ekki gengið eftir eða ef starfsemi Ars Longa verður hætt innan fimm (5) ára. Skal Ars Longa þá afsala fasteigninni veðbandalausri aftur til Múlaþings gegn því að Múlaþing greiði til Ars Longa, og/eða veðhafa eins og við á, allan þann kostnað sem Ars Longa hefur varið til endurbóta fasteignarinnar og samþykktur hefur verið af sérfræðingum eignasviðs Múlaþings. Kostnaðurinn skal þá verðbættur miðað við byggingarvísitölu, frá þeim tíma sem hann sannanlega féll til og þar til yfirlýsing um að nýta kaupréttinn er sett fram.

Jafnframt er kvöð um að fasteignin verði ekki veðsett án fyrirfram samþykkis eignasviðs Múlaþings.

Kvöð þessi skal gilda í fimm (5) ár frá undirritun og skal aflýst að þeim tíma liðnum að fenginni staðfestingu Múlaþings eða niðurstöðu dómkvadds matsmanns sem leggja skal mat á það hvort endurbótum hafi verið lokið til samræmis við það sem fram kemur í fylgiskjali 1 við samkomulagið innan fimm (5) eða hvort starfsemi Ars Longa hafi verið hætt innan fimm (5) ára, rísi ágreiningur á milli aðila um það.

Múlaþing 24. febrúar 2022

F.h. Sveitarfélagsins Múlaþings




Björn Ingimarsson
Sveitastjóri Múlaþings

F.h. Ars Longa – samtímalistasafn ses.




Sigurður Guðmundsson,
stjórnarformaður




Jóhann G. Jóhannsson
gjaldkeri


Vottar að rétttri dags., undirritun og fjárræði:



Nafn og kt. 161075-5829



Nafn og kt. 110354-7899



Hnitaskrá ISN93

A A=725416.22 N=470347.70
 B A=725428.97 N=470341.98
 C A=725449.74 N=470305.17
 D A=725421.08 N=470283.40
 E A=725392.81 N=470302.56
 F A=725410.41 N=470334.76

Kvarði 1:500

Skýringar:

- · — · — · Lóðarmörk
- - - - - Byggingarreitur
- Mörk akbrautar
- ◻ Fornleifar
- ▭ Myndmæld/innmæld hús

Vogaland 5

Landnr. L159257
 765 Djúpivogur

Lóðarblað



Múlaþing

Ef fornleifar finnast við framkvæmd innan lóðar skal stöðva hana án tafar og tilkynna Minjastofnun Íslands, sbr. lög um menningarminjar nr. 80/2012. Helgunarsvæði fornleifa er 15m.

Dags.

Skipulagsfulltrúi